

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Hafnarfjarðar árið 2011, sbr. lög nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er 0,11% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Með ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

Notkunargjald, sbr. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005, ásamt ákvörðun framkvæmdaráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar 6. júlí 2009, er kr. 18 pr. mælt tonn.

Mælaleiga, sbr. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Mælaleiga

DN/"	Kennitákn	Mælaleiga pr. ár	Mælaleiga pr. dag
15/ 1/2"	15	3.750 kr.	10,27 kr.
20/ 3/4"	20	3.875 kr.	10,62 kr.
25/ 1"	25	4.538 kr.	12,43 kr.
30/ 1 1/4"	30	4.944 kr.	13,55 kr.
40/ 1 1/2"	40	8.293 kr.	22,72 kr.
50/ 2" T	50 t	9.244 kr.	25,33 kr.
50/ 2" fl.	50 fl	11.120 kr.	30,47 kr.
65/ 2 1/2"	65	23.370 kr.	64,03 kr.
80/ 3"	80	26.470 kr.	72,52 kr.
100/ 4"	100	31.280 kr.	85,70 kr.
150/ 6"	150	37.750 kr.	103,42 kr.
200/ 8"	200	68.750 kr.	188,36 kr.

Með ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

Eftirfarandi gjaldskrá vegna heimæða í nýbyggingar tók gildi 15. júní 2004 og var samþykkt í stjórn Vatnsveitu Hafnarfjarðar 19. apríl 2004. Heimæðagjald er greitt fyrirfram:

Þvermál heimæðar. PE	Verð miðað við byggingarvísitölu 505,8 fyrir nóvember 2010. Lengd heimæðar 0-30 metrar, kr.	Verð á metra umfram 30 metra, kr.
25	146.645	4.110
32	152.058	4.133
40	204.413	5.875
50	231.021	6.495
63	262.670	7.234
75	277.215	8.036
90	412.039	11.143
110	514.637	13.013
160	843.295	14.211
225	1.388.061	19.732

Verð fyrir stærri heimæðar reiknast sérstaklega.

Þetta verð miðast við að húsbyggjandi leggi til skurð sem grafinn er í frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk, inn í tengirými fasteignar og ídráttarröri komið fyrir og það ídráttarhæft.

Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2, Hafnarfirði.

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingavatni kr. 12.500.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 17. desember 2010, tekur gildi við við birtingu. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Hafnarfirði, 21. desember 2010.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, staðgengill bæjarstjóra.